

opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingis-
húsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).

51
27. júní

c. Að útvarpsfyrirtækið verði undanþegið greiðslu opinberra skatta og gjalda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

verslunaratvinnu.

52

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfum.
2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldaðið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.
3. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina.
4. Vöruútvegum manna í fjelagi til eigin þarfa, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.
5. Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.

52

27. júní

Um farandsala, sem ekki eru hjer búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum. Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málsókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir.

2. gr.

Enginn má reka verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það síðasta árið.
 2. Er fjárráður.
 3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
 4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
 5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verslun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hjer að lýtur, eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufjelaga.
- Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverslana.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verslun.

4. gr.

Verslunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verslunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer verslun, og skal þá svo með fara, sem hjer segir:

1. Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum

- 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr. 52
2. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórnar og að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje ekkert í samþykktum fjelags, er brjóti bág við íslensk lög.

6. gr.

Verslunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verslun látins manns síns án nýs leyfis, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. másl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi öllum ákvæðum 3. gr.

Bú aðilja, er verslunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verslunarleyfi.

Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. másl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir versluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., fyrsta másl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr., fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið þessu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

8. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að versla, lætur leyfisbrjef af hendi, sbr. þó 10. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verslun leyfið hljóðar um, hvar versla megi sam-

52 kvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er
27. júní ráðherra kann að ákveða.

Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verslunarleyfi hafa á landinu.

9. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um verslunarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist verslunarheimild sína, og er honum þá rjett að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En alt að einu er aðilja rjett að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans áður sex mánuðir sjeu liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetning úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi.

10. gr.

Í verslunarleyfi skal greina, hverskonar verslun (stórsala, smásala, sveitverslun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verslunar einnar tegundar felur ekki í sjer heimild til að reka annarskonarverslun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverslun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbrjefi.

Verslunarleyfi veitir einungis heimild til verslunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verslunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsg. þessarar greinar og 11. gr.

Veita má sama aðilja leyfi til verslunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verslunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verslunar í sama kaupstað eða kaптúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verslunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð.

Rjett er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landi sem er og í íslenskri landhelgi.

11. gr.

Leyfi til sveitaverslunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verslun sje í þeirri sveit, enda sje umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verslunina.

12. gr.

Leyfi til lausaverslunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verslun sína.

Leyfið veitir heimild til að versla hvar við land sem er, ef það hljóðar

um verslun á skipi, og til að versla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verslun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verslunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verslun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sje að selja. 52
27. júní

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til stórsölu	kr. 1000,00
Leyfi til lausaverslunar	— 250,00
Leyfi til annarar verslunar	— 200,00

Ef smásali hefir fleiri opnar sölubúðir en eina í sama kaupstað eða kaптúni, skal hann greiða hið síðasttalda gjald af hverri sölubúð.

14. gr.

Sektum varðar til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, ef maður:

1. Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir mist það.
2. Byrjar verslun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verslun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið.

Mál út af brotum gegn fyrirmælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála.

15. gr.

Skýlt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skýlt er að leynd alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926.

Þeir, er fengið hafa verslunarleyfi fyrir 1. júlí 1925, halda því.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Op. br. 29. okt. 1824.

52
27. júní

Op. br. 7. apr. 1841.

Lög nr. 28, 7. nóv. 1879.

Lög nr. 28, 2. des. 1887.

Lög nr. 78, 22. nóv. 1907, 6. gr., og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.